



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 3. maí 2010

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/2004 – 531. mál


Skeljungur hf. gefur hér með umsögn sína um 1. gr. frumvarpsins, en ekki eru gerðar athugasemdir við önnur ákvæði þess.

Með ákvæði 1. gr. eru settar skorður við því hvaða greiðslumiðlar eru notaðir þegar viðskiptavinir greiða fyrir litaða olíu á sjálfsafgreiðsludælum á bensínafgreiðslustöðvum. Verði ákvæðið að lögum þá verður óheimilt að greiða fyrir litaða olíu með hefðbundnum debet og kreditkortum viðskiptabanka og reiðufé verður ekki lengur nothæfur gjaldmiðill í slíkum viðskiptum. Skilyrði fyrir því að söluaðilum verði heimilt að selja litaða olíu í sjálfsafgreiðslu er að greitt sé fyrir eldsneytið með viðskiptakorti söluaðilans. Þessi breyting er lögð til vegna grunsemda um að litaðri olíu sé í einhverjum mæli dælt á einkabíla á sjálfsafgreiðslustöðum. Gera má ráð fyrir að tillaga þessi byggji á því að reglur kortafyrirtækja um meðferð kortaupplýsinga og persónuupplýsinga koma í veg fyrir að hægt sé að nota persónugreinanlegar upplýsingar viðskiptabanka við eftirlit með kaup á litaðri olíu.

Frumvarpið verði það að lögum, kemur hins vegar ekki í vega fyrir það að söluaðilar selji litaða olíu í þjónustu, gegn hvaða greiðslumiðli sem er, enda er afgreiðsla eldsneytis ekki stjórnsýsluathöfn.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að aðgengi að gjaldfrjálsri litaðri olíu sé of mikið og að hún sé nær undantekningalaust seld í sjálfsafgreiðslu. Af texta í athugasemdum með frumvarpinu má ætla að með sjálfsafgreiðsludælum sé frekar lýst svokölluðum mannlausum afgreiðslustöðvum, en ekki hefðbundnum mönnum þjónustustöðvum með blandaðri þjónustu. Á mannlausum stöðvum er opnað fyrir viðskipti í hvert sinn með framvísun greiðslukorts, viðskiptakorts eða dælulykils í sjálfsala og því er talið í athugasemdum að lítið sem ekkert óhagræði hljóti af, hvorki fyrir kaupendur eldsneytis né olíufélögin, þó að greiðslumiðlun verði fækkað. Þarna gæti nokkurs misskilnings. Þó að tæknilega megi takmarka notkun greiðslumiðla á mannlausum stöðvum, þá verður það ekki hægt á mönnum þjónustustöðvum með hefðbundnum fjölvalsdælum, þar sem boðið er upp á sjálfsafgreiðslu með val um að greiða í sjálfsala og í verslun, gangi þessi breyting eftir. Líklegt er því að draga muni úr framboði á litaðri olíu á mönnum þjónustustöðvum verði frumvarpið að lögum og að eftirspurnin flytjist í sama mæli yfir á mannlausar stöðvar.

Skeljungur hf.


Ólafur Þósson.